

Candy

Sælgætisspilið

Þegar einbeiting og hraði skipta öllu máli....



Aldur: 4-99 ára

Þátttakendur: 1-8

Innihald : 41 marglitaður sælgætismoli úr tré.
3 litateningar
1 spiladúkur

Hönnuður: Simone Kalz

Saga:

Tómas og Lísu voru að hjálpa mömmu sinni í garðinum og fengu að launum stóran poka af sælgæti. En á leið þeirra í herbergið sitt rifust þau um hver ætti að halda á pokanum og endaði það með því að hann rifnaði og sælgætið fór út um allt.

Nú er því best er að drífa sig og tína alla molana upp sem fyrst!

Undirbúningur.

Öllum sælgætismolunum er raðað á dúkinn og teningunum þremur við hliðina á dúknum.

Það eru **þrjár** mögulegar leiðir þegar spilað er:

1. Í þessari útgáfu er best að ákveða áður en leikur hefst hversu mörgum molum eigi að safna, t.d að sá sem fái fyrstur 5 mola vinni. Yngsti meðlimurinn kastar teningunum fyrstur. Markmiðið er að finna molann sem er með sömu litum og teningarnir.

Dæmi. Ef gulur, rauður og hvítur kemur upp á teningunum þá á að finna þann mola sem er með öllum þremur litunum.

Allir leikmenn eiga að reyna að finna molann. Sá sem finnur hann fyrst bendir á hann og tekur hann svo til sín.

Svo kastar næsti leikmaður teningunum og leitað er að næsta mola o.s.frv.

2. Sama og í útgáfu eitt hér að ofan nema í stað þess að taka molann eru skráð niður stig fyrir hann. Annað hvort skrá leikmenn stig eða fá einn fullorðinn til aðstoðar. Í þessari útgáfu er einnig gott að þátttakendur ákveði stigafjölda eða tíma áður en leikur hefst.

T.d. gætu tímamörkin verið 10 mínútur og að sá vinni sem sé með flest stig að þeim loknum.

3. Hér er molunum skipt jafnt á milli þeirra sem spila og leggur hver þátttakandi molana fyrir framan sig svo allir sjái litina. Dúkurinn er hafður fyrir framan. Síðan er teningunum kastað og sá sem á molann með sömu liti og teningarnir sýna setur molann á dúkinn.

Sá sem losar sig fyrstur við alla molana sína vinnur leikinn.

Í þessari útgáfu er einnig mjög gott að vera búin að ákveða tímamörk eða fjölda mola áður en leikur hefst.

T.d að sá sem eigi fæsta molana eftir 10 mínútur vinni eða að sá vinni sem hafi fyrstur losað sig við alla mola nema tvo.